

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 25. febrúar 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2003.

Framhaldið umræðu frá fundi fyrr um daginn. Hreppsnefnd yfirfór og ræddi A-hluta og B-hluta sjóði og gerði nokkrar breytingar á fyrirliggjandi drögum.

2. Íbúaskrá 1. des 2002

Fyrir fundinum lá íbúaskrá 1. desember 2002 sem hreppsnefndarmenn yfirfóru.

3. Bréf:

a) *Hallbjarna J. Hjartarsonar, dags. 19.02.2003.*

Í bréfinu kvartar Hallbjörn undan því að hafa verið beittur lögfræðihótunum vegna vangoldinna fasteignagjaldaskulda af Kántrýbæ. Í bréfinu vísar Hallbjörn til þess að slíkt sé lítilsvirðing við mann sem hafi auglýst byggðarlag sitt með þeim hætti sem hann hafi gert. Sveitarstjóra falið að ræða við rekstraraðila Kántrýbæjar.

b) *Björgunarfélagsins Blöndu, dags. í febrúar 2003.*

Í bréfinu er óskar formaður Blöndu eftir stuðningi til að kaupa á sérhæfðum líkbíl. Ekki var vilji til að leggja fé í kaupin.

c) *Átaks gegn verslun með konur, dags. í febrúar 2003.*

Í bréfinu er kynnt ráðstefna vegna átaksins gegn verslun með konur sem haldið verði á Grand Hótel í Reykjavík 28. febrúar 03
Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

d) *Úrvinnslusjóðs, dags. 11. febrúar 2003.*

Í bréfinu er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að framkvæma lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Markmið þeirra laga er að skapa hagræn skilyrði fyrir aukinni endurnýtingu úrgangs. Með bréfinu fylgdi greinargerð þar sem skilgreint er m.a. hvernig verði staðið að endurgreiðslu skilagjalds og hvaða tímasetningar hafa verið settar vegna heimildar til að urða einstaka flokka úrgangs.
Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

e) *Matthíasar Sigursteinssonar og Bjarna Einarssonar, dags. 7. febrúar 2003.*

Með bréfinu óska bréfrítarar eftir að Höfðahreppur leggi hlutafé að upphæð 5 milljónir til félags sem hefði það hlutverk að kaupa fiskiskipið Hafberg GK. Áætlað heildarhlutafé er 25 milljónir. Samkvæmt bréfinu eru hugmynd um að skipið verði gert út á rækjuveiðar og sérstakt rekstrarfélag annist útgerð þess.
Hreppsnefnd samþykkt að leggja fram allt að 10% hlutafjár í félaginu að því skilyrði uppfylltu að rekstraráætlanir hafi fengið staðfestingu ráðgjafa og heildarfjármögnun verði tryggð til kaupa á skipinu.

f) *Félagsþjónustu A-Hún, dags. 19. febrúar 2003.*

Með bréfin fer verkefnisstjóri félagsþjónustunnar fram á að sveitarfélagið greiði niður dagvistargjöld hjá dagforeldrum. Í bréfinu er vísað til þess að almennt tíðkist það í nágrennasveitarfélögum að foreldrar barna undir leikskólaaldri fái niðurgreiðslur vegna daggæslu í heimahúsum.

Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar leikskólanefndar.

4. Fundargerðir

a) Húsnæðisnefndar, 11. febrúar 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Skólanefndar, 30. janúar 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Sameiginlegur Hreppsnefndar Höfðahrepps og Bæjarstjórnar Blönduóss, 17. janúar 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Verkfundur um svæðisskipulag, 12. febrúar 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar INVEST, 24. janúar 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsráðs, 27. janúar 2002.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra 29. janúar 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

Oddviti greindi frá því að munnlegt tilboð hafi komið frá KH um að Einbúastígur 2 sé til sölu á 594 þús. kr. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við kaupfélagsstjóra um framtíð eignarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁴⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)